

Allianz Global Investors Fund

Société d'Investissement à Capital Variable
Skráð skrifstofa: 6 A, route de Trèves, L-2633 Senningerberg
R.C.S. Lúxemborg B 71.182

Tilkynning til hluthafa

Stjórnarnefnd Allianz Global Investors Fund (SICAV) („fyrirtækið“) tilkynnir hér með um eftirfarandi breytingar sem munu taka gildi 31. ágúst 2022:

Heiti undirsjóðsins	Efni	
	Núgildandi nálgun	Ný nálgun
Allianz Global Sustainability	Breyting og/eða viðbót við takmarkanir fjárfestingar (Viðauki 1, hluti B í sjóðslýsingunni)	
	- Ekki má fjárfesta eignir undirsjóðsins í hlutabréfum sem skapa meira en 5% af tekjum sínum í atvinnugreinunum (i) áfengi, (ii) hergögn, (iii) fjárhættuspil, (iv) klám og (v) tóbak	- Ekki má fjárfesta eignir undirsjóðsins í hlutabréfum sem skapa meira en 5% af tekjum sínum í atvinnugreinunum (i) áfengi, (ii) hergögn, (iii) fjárhættuspil og (iv) klám.

Hluthafar sem samþykkja ekki ofangreindar breytingar geta leyst út hlutabréf sín án innlausnar- eða breytingagjalds til 30. ágúst 2022.

Auk þess tilkynnir stjórnarnefndin um eftirfarandi breytingu sem mun taka gildi 31. ágúst 2022:

Heiti undirsjóðsins	Efni	
	Núgildandi nálgun	Ný nálgun
Allianz Best Styles Euroland Equity, Allianz Global Sustainability	Breyting á grundvallarreglum og takmörkunum sem gilda um alla hlutabréfaundirsjóði nema annað sé tekið fram í fjárfestingatakmörkunum hlutabréfaundirsjóðsins (Viðauki 1, hluti B í sjóðslýsingunni)	
	- Að hámarki 15% af eignum undirsjóðsins má fjárfesta á beinan hátt í innlánnum og/eða fjárfesta slíkar eignir í peningamarkaðsgerningum og/eða (allt að 10% af eignum undirsjóðsins) í peningamarkaðssjóðum til að stýra greiðslufæði.	- Að hámarki 25% af eignum undirsjóðsins má fjárfesta á beinan hátt í bundnum innlánnum og/eða (allt að 20% af eignum undirsjóðsins) í sýningarinnlánnum og/eða fjárfesta í peningamarkaðsgerningum og/eða (allt að 10% af eignum undirsjóðsins) í peningamarkaðssjóðum til að stýra greiðslufæði.

Hluthafar sem samþykkja ekki ofangreinda breytingu geta leyst út hlutabréf sín án innlausnar- eða breytingagjalds til 30. ágúst 2022.

Auk þess tilkynnir stjórnarnefndin um eftirfarandi hagræðingar sem munu taka gildi 31. ágúst 2022:

Heiti undirsjóðsins	Efni	
	Núgildandi nálgun	Ný nálgun
Allianz Global Sustainability	Breyting á skilgreiningu Taívan takmörkunarinnar (kafli II. Skilgreiningar)	
	<p>- Taívan takmörkun þýðir að hvað undirsjóð varðar (1) má útsetning opinna gnóttstaða í fjármálaafleiðugerningum ekki fara yfir 40% af eignum undirsjóðsins til að stýra eignasafninu, nema fjármálaeftirlit Taívan (FSC) veiti undantekningu; og heildarupphæð opinna skortstaða í fjármálaafleiðugerningum má ekki fara yfir heildarmarkaðsvirði samsvarandi verðbréfa sem undirsjóðurinn verður að eiga til að áhættuverja sig, eins og FSC áskilur af og til; (2) sem telst vera skuldabréfasjóður má heildarupphæðin sem er fjárfest í hávaxtafjárfestingum af gerð 1 og/eða hávaxtafjárfestingum af gerð 2 ekki fara yfir 20% af eignum undirsjóðsins, ef fjárfesting skuldabréfasjóðs í nýmörkuðum fer yfir 60% af eignum undirsjóðsins skal heildarupphæð skuldabréfasjóðsins sem er fjárfest í hávaxtafjárfestingum af gerð 1 og/eða hávaxtafjárfestingum af gerð 2 ekki fara yfir 40% af eignum undirsjóðsins; heildarupphæð fjöleignasjóðs sem er fjárfest í hávaxtafjárfestingum af gerð 1 og/eða hávaxtafjárfestingum af gerð 2 skal ekki fara yfir 30% af eignum undirsjóðsins; eða annað prósentuhlutfall af eignum hans sem FSC áskilur af og til; og (3) heildarupphæðin sem er fjárfest með beinum hætti í kinverskum hlutabréfum í A-flokki og kinverskum interbank skuldabréfum (CIBM) skal ekki fara yfir 20% af eignum undirsjóðsins eða annað prósentuhlutfall af eignum hans sem FSC áskilur af og til.</p>	<p>- Taívan takmörkun þýðir að hvað undirsjóð varðar (1) má útsetning gnóttstaða í fjármálaafleiðugerningum ekki fara yfir 40% af eignum undirsjóðsins til að stýra eignasafninu, nema fjármálaeftirlit Taívan (FSC) veiti undantekningu; og heildarupphæð opinna skortstaða í fjármálaafleiðugerningum má ekki fara yfir heildarmarkaðsvirði samsvarandi verðbréfa sem undirsjóðurinn verður að eiga til að áhættuverja sig, eins og FSC áskilur af og til; (2) sem telst vera skuldabréfasjóður (a) má heildarupphæðin sem er fjárfest í hávaxtafjárfestingum af gerð 1 eða hávaxtafjárfestingum af gerð 2 ekki fara yfir 20% (skuldabréf sem gilda sem breytanleg skuldabréf skulu ekki teljast með í þessu 20% takmarki, óháð láns hæfiseinkunn þeirra) af eignum undirsjóðsins, ef fjárfesting skuldabréfasjóðs í nýmörkuðum fer yfir 60% af eignum undirsjóðsins skal heildarupphæð skuldabréfasjóðsins sem er fjárfest í hávaxtafjárfestingum af gerð 1 og/eða hávaxtafjárfestingum af gerð 2 ekki fara yfir 40% (skuldabréf sem gilda sem breytanleg skuldabréf skulu ekki teljast með í þessu 40% takmarki, óháð láns hæfiseinkunn þeirra) af eignum undirsjóðsins; (b) heildarupphæð fjárfestinga í breytanlegum fyrirtækjaskuldabréfum, fyrirtækjabréfum með ábyrgð og skiptanlegum fyrirtækjabréfum skal ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins; (3) sem telst vera fjöleignasjóður (a) skal heildarupphæð fjárfestinga í hávaxtafjárfestingum af gerð 1 og/eða hávaxtafjárfestingum af gerð 2 ekki fara yfir 30% (skuldabréf sem gilda sem breytanleg skuldabréf skulu ekki teljast með í þessu 30% takmarki, óháð láns hæfiseinkunn þeirra) af eignum undirsjóðsins; eða annað prósentuhlutfall af eignum hans sem FSC áskilur af og til; (b) heildarupphæð fjárfestinga í verðbréfum skal ekki vera fara yfir 90% og ekki undir 10% af eignum undirsjóðsins; (4) heildarupphæðin sem er fjárfest með beinum hætti í kinverskum hlutabréfum í A-flokki og kinverskum interbank skuldabréfum (CIBM) skal ekki fara yfir 20% af eignum undirsjóðsins eða annað prósentuhlutfall af eignum hans sem FSC áskilur af og til; og (5) útsetning hans skal ekki hafa taivönsk hlutabréf sem aðalmarkmið fjárfestingasvæðis (þ.e. meira en 50% af eignum undirsjóðsins).</p>

Hluthafar sem samþykkja ekki ofangreindar breytingar geta leyst út hlutabréf sín án innlausnar- eða breytingagjalds til 30. ágúst 2022.

Auk þess vill stjórnarnefndin benda hluthöfum á að frá og með 31. ágúst 2022 munu undirsjóðirnir Allianz Euro Bond, Allianz Global Sustainability og Allianz Treasury Short Term Plus Euro, stýrt í samræmi við reglugerð (EB) 2019/2088 um upplýsingar tengdar sjálfbærni skýra í viðauka 11 í sjóðslýsingunni stöðu skuldbindingar til (i) sjálfbærra fjárfestinga, (ii) fjárfestinga sem fylgja flokkunarfræði og (iii) neikvæð áhrif af grundvallarreglu.

Auk þess vill stjórnarnefndin vekja athygli hluthafa á því að upplýsingagjöf sem varðar heildarskiptasamninga hefur verið bætt við í viðauka 7 í sjóðslýsingunni til að veita betri útskýringar til fjárfesta ef til þess kæmi að undirsjóður gangi inn í heildarskiptasamning eða fjármálagerninga með svipaða eiginleika og heildarskiptasamningur (svokallaðan „mismunasamning“). Slík upplýsingagjöf mun ekki breyta núverandi fjárfestingastefnu sjóðsins. Viðauki 7 með lýsingu á hlutföllum hreins eignavirðis undirsjóðsins sem eru notuð í fjármálaviðskipti með verðbréf hefur verið endurritaður til að vísa eingöngu í þá undirsjóði sem nota heildarskiptasamninga/mismunasamninga eða hafa í hyggju að nota heildarskiptasamninga/mismunasamninga

Hægt er að fá sjóðslýsinguna þegar hún fer í gildi án endurgjalds hjá skráðri skrifstofu fyrirtækisins, hjá umsjónarfyrirtækinu í Frankfurt/Main og hjá upplýsingafulltrúum fyrirtækisins (t.d. State Street Bank International GmbH, útibúinu í Lúxemborg eða Allianz Global Investors GmbH í Þýskalandi) í öllum lögsögum þar sem undirsjóðir fyrirtækisins eru á skrá fyrir almenn viðskipti.

Senningerberg, júlí 2022

Samkvæmt tilskipun stjórnarnefndar
Allianz Global Investors GmbH

Þetta skjal er þýðing af upprunalega skjalinu. Ef ske kynni að misræmi eða mistúlkun sé í þýðingunni, gildir upprunalega útgáfan á ensku, eins lengi og hún brjóti ekki í bága við lög í viðkomandi landi eða svæði.